

Kynfærauppbygging – vaginoplasty

Í aðgerðinni eru kynfæri transkonu byggð upp. Aðgerðin er gerð í svæfingu. Gera má ráð fyrir að vera frá vinnu í 6-8 vikur, háð starfi og líðan.

Lyfjanotkun

Þegar boðað er til aðgerðar er farið yfir lyfjanotkun og metið í samráði við lækna hvaða lyf má taka fram að aðgerð. Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni. Hætta þarf töku kvenhormóna fjórum vikum fyrir aðgerð.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna, þar með talið lýsis og Omega 3, tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Næring og hreyfing

Ráðlagt er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að hreyfa sig daglega, borða næringarríkan mat, taka inn fjölvítamín og drekka orku- og próteinríka næringardrykki. Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun, notkun rafretta og níkótínlyfja hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Reykingar og níkótín valda skertu blóðflæði í húðflípum og er drep algengara hjá þeim sem nota níkótín. Nauðsynlegt er að hætta níkótínnotkun minnst þremur mánuðum fyrir aðgerð og vera níkótínlaus í að lágmarki fjórar vikur eftir aðgerð. Hægt er að fá aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafabjónustuna. Eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahótel, fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð B3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við lækni lýta- og svæfingadeildar og hjúkrunarfræðing. Spurt er um heilsufar, gerð líkamsskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 3-4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Greiða þarf fyrir þjónustu á innskriftarmiðstöð.

Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni. Aðrar rannsóknir eru gerðar ef aldur eða heilsufar gefa tilefni til.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Hægðalosandi lyf

Nota á hægðalosandi lyf samkvæmt leiðbeiningum sem veittar voru í innskriftarviðtali.

Hár fjarlægð af skurðsvæði

Til að draga úr sýkingarhættu í aðgerð þarf að fjarlægja öll hár á aðgerðarsvæði með háreyðingarkremi fimm dögum og aftur tveimur dögum fyrir aðgerð.

Kvöldið fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Blóðþynningarlyf er gefið með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á blóðtappamyndun. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar um það í innskriftarviðtali.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Klukkan 18 kvöldið fyrir aðgerð: Byrja að drekka sérstaka undirbúningsdrykki sem afhentir voru í innskriftarviðtali (alls 800 ml). Fá sér aukabita áður en farið er að sofa.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann. Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Tveimur klst. fyrir áætlaðan aðgerðartíma á að drekka sams konar undirbúningsdrykki (alls 400 ml) og kvöldið áður samkvæmt leiðbeiningum.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

Sturta með sótthreinsandi sápu

Nauðsynlegt er að fara í sturtu kvöldið fyrir aðgerð og nota sérstaka sótthreinsandi sápu, fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Ekki má nota svitalyktareyði eða bera krem á andlit eða líkamann eftir sturtuna.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp eða þægileg föt, inniskó, snyrtivörur og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi að morgni aðgerðardags.

Á dagdeildinni er aftur farið í sturtu og notuð sótthreinsandi sápa. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluforni sem verka í og eftir aðgerð.

Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa vökva, svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 3-4 klukkustundir.

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild þar sem fylgst er náið með líðan sjúklings, síðan fer hann á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánasta aðstandanda er velkomið að hringja.

Verkir

Verkjameðferð í formi utanbastsdeyfingar. Þá er grannur plastleggur settur utan við mænugöng, í bil á milli tveggja hryggjarliða. Deyfingin er höfð í nokkra daga eftir aðgerð og er gefin með reglulegum skömmtum með dælu. Einnig er hægt að gefa sér aukaskammt ef á þarf að halda. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki eða þrýstingstilfinningu á skurðsvæði svo hægt sé að bregðast við því. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa jafnan á 1-2 dögum.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Hreyfing og öndun

Ekki má fara fram úr rúmi nema til að fara á salerni fyrstu fimm dagana. Liggja má á baki og hliðum og hækka má undir höfði í allt að 45 gráður.

Sjúkráþjálfari veitir leiðbeiningar um djúppöndun og æfingar sem auka blóðrás. Öndunaræfingar hjálpa til við að losa slím úr lungum og fótaæfingar auka blóðstreymi í fótum og draga úr hættu á myndun blóðtappa. Súrefni er gefið fyrsta sólahringinn eftir aðgerð og eftir þörfum. Sjúkráþjálfari og starfsfólk deildar aðstoða við hreyfingu og framúrferð þar til sjúklingur er sjálfbjarga.

Þvaglát

Þvagleggur er settur í aðgerðinni og er hann yfirleitt fjarlægður 5-7 dögum eftir aðgerð. Þegar búið er að fjarlægja þvaglegginn getur borið á þvagtrekðu og því mikilvægt að láta vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Matur og drykkur

Fyrstu fimm dagana eftir aðgerðina má einungis fá fljótandi fæði til að minnka hægðamyndun. Sumir finna fyrir lystarleysi og jafnvel ógleði eftir aðgerð og eru þá gefin ógleðistillandi lyf.

Hægðir

Búast má við að nokkrir dagar líði þar til fyrstu hægðir koma eftir aðgerð.

Skurðsár

Skurðsár eru á kynfærum og er þeim lokað með saumum sem eyðast af sjálfu sér. Búast má við að gamalt blóð komi úr leggöngum vegna lítilla sára sem þar eru fyrst eftir aðgerð. Í aðgerðinni eru settar umbúðir inn í leggöng til að þau falli ekki saman. Læknir skiptir á umbúðum um fimm dögum eftir aðgerð. Þá hefst þjálfun með leggangastaf og eru veittar leiðbeiningar á deildinni.

Fara má í sturtu þegar umbúðir hafa verið fjarlægðar. Fyrst eftir aðgerð má búast við dofa á skurðsvæði en hann minnkar með tímanum.

Blóðþynning

Skurðaðgerð og minni hreyfing auka hættu á blóðtappa í fótum. Lyf sem þynnir blóðið er gefið í fyrirbyggjandi tilgangi í 14 daga eftir aðgerð. Lyfinu er sprautað undir húð einu sinni á dag. Hreyfing og fótaæfingar er einnig mikilvæg forvörn. Teygjusokkar bæta blóðrás í fótum og minnka hættu á blóðtappamyndun og þarf að nota dag og nótt meðan á sjúkrahúsdvöl stendur.

Svefn og hvíld

Truflun getur orðið á svefni, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Verkir, skert hreyfigeta og umhverfispættir geta haft áhrif á svefn og mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa svo hægt sé að bregðast við því.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra og geta kallað aðra fagaðila til stuðnings ef þörf er á.

Útskrift

Útskrift er áætluð 7-10 dögum eftir aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð getur það lengt sjúkrahúsdvölinu.

Fyrir útskrift þarf að vera búð að fá:

- Útskriftafræðslu
- Rafrænan lyfseðil
- Endurkomutíma hjá sérfræðilækni
- Kennslu í gjöf blóðþynningarsprauta

Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga (innskrift)	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga frá klukkan 7 til 22	543 7570
Lýtalækningadeild A4	543 7354

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Kynfærauppbygging – vaginoplasty

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf

Lyfseðill fyrir verkjalyfjum er sendur rafrænt í apótek. Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð.

Skurðsár

Skurðsárum er lokað með saumum sem eyðast af sjálfu sér. Stundum eru yfir þeim límplástrar sem ekki má fjarlægja fyrr en þeir losna sjálfir frá húðinni. Forðast þarf alla óþarfa snertingu við skurðsár.

Ráðlagt er að fara í sturtu daglega og skola kynfærasvæðið með vatni. Þægilegt getur verið að nota sturtuhaus. Eftir sturtu þarf að þerra skurðina varlega með hreinu handklæði og gott er að leyfa lofti að leika um skurðsárin svo þau þorni vel. Þó þarf að gæta þess að skurðsvæðið verði ekki of kalt. Til að minnka hættu á sýkingu ætti ekki að fara í baðkar eða sund fyrr 6-8 vikum eftir aðgerð og skurðsár eru vel gróin.

Útferð frá leggöngum

Búast má við blóðlitaðri útferð frá leggöngum í nokkurn tíma eftir aðgerð. Hún minnkar smám saman eftir því sem aðgerðarsvæðið grær. Gott er að nota mjúkar grisjur eða dömubindi. Búast má við að finna fyrir dofa yfir skurðsvæði fyrst eftir aðgerð. Gera má ráð fyrir að tilfinning aukist með tímanum en það getur tekið allt að tvö ár eftir aðgerð að fá fulla tilfinningu.

Þjálfun með leggangastaf

Sjá meðfylgjandi leiðbeiningar.

Háreyðing á kynfærasvæði

Eðlilegt er að hár séu á skaparbörmum og í kringum leggöngin. Eftir um tvo mánuði frá aðgerð, þegar sár eru gróin, má byrja að nota háreyðingarkrem. Ekki er mælt með rakstri fyrr en sex mánuðum eftir aðgerð.

Þvaglát

Eftir aðgerð getur tilfinning fyrir þvaglátum verið skert og því ráðlagt að fara reglulega á salerni og reyna að pissa. Á meðan vefurinn umhverfis þvagrásaropið er að gróa, getur þvagnbunan verið svolítið dreifð. Eftir þvaglát er mikilvægt að þurrka alltaf framan frá og í átt að endaparmi því sýklar frá endaparminum geta valdið þvagfærasýkingu.

Eftir 1-2 mánuði frá aðgerð þykkar örvefur umhverfis þvagrásaropið og þá getur tekið lengri tíma að tæma þvagblöðruna (allt að tíu mínútum). Þá er mikilvægt að gefa sér góðan tíma við þvaglát. Eftir nokkra mánuði mýkist örvefurinn og vandamálið hverfur yfirleitt. Ef þvagtregðan er viðvarandi eða versnar, getur verið nauðsynlegt að gera aðgerð á þvagrásaropinum til að auka þvagflæðið. Ef ekkert þvag kemur þegar reynt er að pissa þá þarf að leita til læknis.

Blóðþynningar- og hormónalyf

Meðferð með blóðþynningarsprautum er haldið áfram í viku eftir útskrift. Leiðbeiningar um gjöf lyfs eru veittar fyrir útskrift. Lyfseðill er sendur í apótek. Byrjað er á hormónameðferð aftur, þegar blóðþynningar-meðferð er lokið. Að minnsta kosti tvær vikur þurfa að líða frá aðgerð þar til hormónameðferð hefst.

Mataræði

Ekki er nauðsynlegt að breyta fæðuvenjum vegna aðgerðarinnar. Hins vegar er mikilvægt að borða hollan mat og gæta vel að næringu til að byggja upp líkamann eftir aðgerðina. Ef lystarleysi er til staðar getur verið gott að borða oft en minna í einu. Nauðsynlegt er að taka inn lýsi eða annan D-vítamínjafna, sérstaklega yfir vetrartímann. Upplýsingar um næringu má finna á vef Landlæknis; www.landlaeknir.is.

Hægðir

Mikilvægt er að halda hægðum mjúkum og koma í veg fyrir hægðatregðu. Mælt er með að borða trefjaríka fæðu, svo sem ávexti, grænmeti og gróft brauð. Ef tilhneiging er til að fá hægðatregðu er gott að drekka glas af sveskjusafa einu sinni til tvisvar á dag. Einnig má nota hægðalyf sem fást í lyfjaverslun án lyfseðils. Ekki má mæla hita eða nota lyf í endaparm í sex vikur eftir aðgerð.

Hreyfing

Forðast þarf erfiða líkamlega þjálfun í 6-8 vikur eftir aðgerð. Mikilvægt er þó að hreyfa sig daglega til að byggja upp þrek og eru gönguferðir góður kostur.

Kynlíf

Almennt séð má byrja að stunda kynlíf þegar fólk er tilbúið til þess. Þó þarf að gæta þess að skurðsár séu vel gróin. Það getur tekið um 6-8 vikur. Nota þarf sleipiefni við samfarir og mælt er með notkun smokks, því sama áhætta er á að fá kynsjúkdóm og hjá öðrum einstaklingum. Hvers konar kvíði og álag getur valdið erfiðleikum í kynlífi. Ef upp koma vandamál er um að gera að ræða það í viðtali við skurðlækni.

Svefn og hvíld

Búast má við þreytu og úthaldsleysi fyrstu vikunnar eftir aðgerð. Gott er að ná a.m.k. 6–8 klst. nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf krefur. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð geta dregið úr þreytu.

Andleg líðan

Flestir upplifa létti eftir aðgerðina, en ef ber á kvíða eða óöryggi er oft hjálp í því að tala við sína nánustu og vera óhrædd við að ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum.

Vinna

Byrja má að vinna aftur sex vikum eftir aðgerð en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Eftirlit læknis

Sjá meðfylgjandi endurkomutíma. Fyrsta endurkoma er um viku eftir aðgerð og önnur endurkoma um sex vikum eftir aðgerð.

Hafa þarf samband við lýtalækningadeild A4 ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er hærri en 38°C
- Blæðir eða vessar úr skurðsárum
- Særindi eru við þvaglát, tíð þvaglát, þvagteppa eða illa lyktandi þvag
- Aukin og/eða illa lykandi útferð frá leggöngum
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Viðvarandi ógleði eða uppköst
- Verkur eða bjúgur er í kálfa/fæti
- Aukin mæði

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna og skiptir þá engu hvort um lítil eða stór mál er að ræða.

Símanúmer

Lýtalækningadeild

543 7354

Ritari lýtalækna, símatími kl. 10-11 á virkum dögum

543 7330 (netfang: helgaeg@landspitali.is)

Einnig er hægt að hafa sambandi við teymisstjóra transteymis Landspítala á netfangið: transteymi@landspitali.is.

Þjálfun með leggangastaf

Stafþjálfun er mikilvæg til að viðhalda dýpt og breidd legganga. Því er mikilvægt að framkvæma þjálfunina þrisvar á dag í 20-30 mínútur í senn fyrsta árið. Eftir fyrsta árið er yfirleitt hægt að fækka skiptunum en það er gert í í samráði við lýtalækni. Einstaklingsbundið er hvernig þjálfunin er skipulögð eftir þann tíma.

- Stafirnir sem notaðir eru fyrst eftir aðgerð eru úr sílikoni og mjúkir. Fyrir útskrift er afhentur einn mjór og einn breiður stafur. Þá stafi er best að nota þar til seinni skurðaðgerð er lokið (um sex mánuðum eftir fyrri skurðaðgerð).
- Við þjálfunina þarf að nota vel af sleipiefni fyrir leggöng sem fæst án lyfseðils í apóteki. Það þarf að vera vatnsleysanlegt og á ekki að innihalda olíu eða fitu.
- Ef verkir eru til staðar er mælt með notkun deyfigels (Xylocain gel) sem fæst í apóteki en er lyfseðilskytt. Ef erfitt er að komast inn í leggöng er gott að byrja með minni stafinn og skipta síðan yfir í þann stærri eftir nokkrar mínútur.
- Gott er að halda með annarri hendi við stafinn til að fá hentugan þrýsting og snúa honum dálítið svo hann þorni ekki og festist við vegg legganga. Fyrst um sinn er ráðlagt að nota spegil við þjálfunina.
- Búast má við að gamalt blóð komi úr leggöngum vegna lítilla sára sem þar eru fyrst eftir aðgerð.
- Að lokinni notkun er stafurinn þrífinn með volgu sápuvatni, skolaður vandlega og þerraður með hreinu stykki.
- Eftir seinni aðgerðina eru afhentir harðir stafir til að nota við þjálfunina.

Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

Verkir

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

Verkjalyf

Taka skal verkjalyf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalyf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en lyfin eru tekin. Erfiðara er að ná stjórn á verkjum ef þeir verða slæmir. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalyf séu tekin reglulega má taka verkjalyf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalyfja. Síðan er dregið úr töku annarra verkjalyfja. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

Verkjalyf tekin reglulega:	Viðbótar-verkjalyf:
Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?	Lyf: Skammtur: Hversu oft má taka lyfið?
Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?	

Algengar aukaverkanir verkjalyfja:

Aukaverkanir eru mismunandi eftir lyfjum. Algennt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga. Ekki er víst að allir finni fyrir þessum einkennum.

Hægðatregða

Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki.

Magaóþægindi

Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgur þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalyf eru notuð.

Önnur verkjameðferð

Aðferðir sem hafa reynst vel eru kaldir og heitir bakstrar, slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Ekki er æskilegt að nota heita eða kalda bakstra á skurðsár meðan það er að gróa.

Akstur

Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

Hafa þarf samband við deildina ef eftirfarandi einkenna verður vart:

- Ef verkir eru slæmir þrátt fyrir töku verkjalyfja.
- Ef aukaverkanir koma í veg fyrir að hægt sé að taka lyf.
- Ef ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, útbrot, öndunarerfiðleikar).

Vinsamlegast athugið að sjúkráhusið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkráhusins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.